

Reykjavík 9. Nóvember 2023

Umsögn frá Menntavísindasviði HÍ um 47. mál

Efni: frumvarp til laga um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008 (kristinfræðikennsla)

Hér fyrir neðan er umsögn Menntavísindasviðs unnin af sérfræðingi í kristinfræði og trúarbragðarfræði.

Kolbrún Þ. Pálsdóttir,
Forseti Menntavísindasviðs

Inngangur

Í frumvarpinu er lagt til að í stað námsgreinarinnar „trúarbragðarfræði“ komi ný námsgrein, þ.e. „kristinfræði og trúarbragðarfræði“. Í greinargerð sem með frumvarpinu fylgir kemur fram að markmið þessarar lagabreytingar sé að stuðla að aukinni áherslu á kristna trú umfram önnur trúarbrögð í kennslu. Fáí þessi lagabreyting fram að ganga, skal helmingur þess tíma sem nú er gert ráð fyrir að fari í kennslu í trúarbragðarfræði, falla í hlut kennslu í kristinfræði. Rökin fyrir þessari breytingu eru að miklu leyti söguleg og menningarleg. Vegna þeirra miklu áhrifa sem kristin trúarbrögð hafi haft á íslenskt samfélag og menningu í aldanna rás beri að veita þeim meiri athygli en öðrum trúarbrögðum. Slíkt sé nauðsynlegt til að skilja „grundvallaratriði hinnar menningarlegu umgerðar þjóðarinnar“ (bls. 4-5). Í því sambandi er því jafnframt haldið fram að þekking á hinum kristna grunni íslenskrar menningar stuðli að því að „brjóta niður múra á milli menningarheilda og trúarhópa“ og „auki þar með umburðarlyndi“ (bls. 5). Í upphafi greinargerðar eru þau siðferðilegu rök einnig tiltekin að nám í kristinfræði sé „mikilvægt til skilnings á hugtökum eins og kærleik, umhyggju og umburðarlyndi“ (bls. 1).

Inntak námsgreinarinnar kristinfræði

Skv. greinargerðinni er gert ráð fyrir að námsgreinin skiptist upp í „siðfræðihluta“ og „sagnfræðihluta“. Ekki er beinlínis tekið fram hvað skuli fengist við í sagnfræðihluta greinarinnar en gera má ráð fyrir að þar skuli fjallað um sögu kristinna trúarbragða og áhrif þeirra á íslenskt samfélag og menningu. Siðfræðihluti kristinfræði á „að gera nemendur vel í stakk búna til að fást við spurningar sem snúa að hversdagslífinu og auka umburðarlyndi og gagnkvæman skilning á ólíku lífsviðhorfi (bls. 6) og á að fara fram á hlutlausum grunni. Þó kemur fram að í siðfræðihluta kristinfræðikennslunnar sé að finna „trúarlegt efni“ (bls. 6) og af því sem kemur fram í upphafi greinargerðarinnar er þar um að ræða „sögur guðspjallanna“ og „biblíusögurnar“ (bls. 1). Svo virðist sem hér væri, í stórum dráttum, um afturhvarf til hefðbundinnar kristinfræðikennslu að ræða sem var mjög mótuð af þeirri tegund lútherskrar mótmælendakristni sem hefur lengi verið ráðandi í hinu trúarlega landslagi á Íslandi.

Vandkvæði við námsgreininna kristinfræði

Forsendur fyrir kennslu í sérstakri kennslu í kristinfræði af því tagi sem lögð er til með frumvarpinu og lýst er í greinargerðinni eru að mörgu leyti brostnar. Lútherska þjóðkirkjan hefur á tiltölulega fáum árum tapað þeirri yfirburðastöðu sem hún áður hafði og færa má rök fyrir því að hún búi ekki lengur yfir því siðferðilega boðvaldi og ráðsmennskuhlutverki sem hún áður hafði. Samband hennar við ríkisvaldið hefur einnig breyst að því leyti að tengslin á milli ríkis og kirkju hafa veikst. Einnig verður að

taka fram að fólki sem tilheyrir öðrum kristnum kirkjudeildum, einkum hinni rómversk-kaþólsku kirkju, hefur fjölgað hratt. Jafnframt hefur fjölgað í öðrum trúarbrögðum. Einna mest hefur þó fjölgað í þeim hópi fólks sem kys að standa utan skráðra trúfélaga og annarra lífsskoðunarfélaga. Í ljósi þessara breytinga er ljóst að tilgreina þarf með skýrari hætti hvers konar kristni verður til umfjöllunar í námsgreininni kristinfræði eða færa sérstök rök fyrir því að hverfa skuli aftur til hefðbundinnar kristinfræði í lútherskum anda. Þar væri um að ræða trúarpólitíska ákvörðun sem krefst frekari umræðu enda væri þar um að ræða sérstakan stuðning í opinberu skólastarfi, t.d. í kennslu um kristna lútherska siðfræði, við eina tiltekna tegund af kristni. Ljóst er einnig að slík ákvörðun krefðist endurskoðunar á núgildandi aðalnámskrá þar sem gert er ráð fyrir að kennt sé um kristin trúarbrögð á sama grundvelli og önnur trúarbrögð. Það er gert til þess að tryggja jafnfræði milli ólíkra lífsskoðana – bæði trúarlegra og ótrúarlegra – í skólastarfi í samfélagi sem verður sífellt fjölbreyttara.

Sérstök áhersla á kristni í skólastarfi

Í greinargerðinni eru færð fyrir því rök að kristni verðskuldi sérstaka athygli umfram önnur trúarbrögð. Á það er bent að kristin trúarbrögð hafi haft mikil áhrif á íslenskt samfélag og menningu í aldanna rás. Undir það skal tekið og sömuleiðis að kennsla í samfélagsgreinum ætti að endurspeglar þetta sérstaka gildi kristinna trúarbragða fyrir íslenskt samfélag og menningu. Slíkt verður þó ekki gert með því að bæta við sérstakri undirgrein sem fjallar sérstaklega um kristin trúarbrögð. Miklu heldur skyldi tryggja að kristin trúarbrögð fái næga athygli í öðrum undirgreinum samfélagsgreinanna og að samfélagsgreinakennarar hljóti menntun og þjálfun í taka þau til umfjöllunar í fjölbreytilegu samhengi. Hér er við hæfi að taka fram að þegar rætt er um inntak lagagreina á borð við 2. gr. grunnskólalaga frá 2008 að starfshættir í skólum skuli mótast af „kristinni arfleifð íslenskrar menningar“ að slíkt orðalag beinist ekki beinlínis og/eða einvörðungu að kennslu um trúarbrögð og aðrar lífsskoðanir heldur má heimfæra á allar námsgreinar. Þetta á e.t.v. sérstaklega við um samfélagsgreinar á borð við sögu og þjóðfélagsfræði. Þar ættu þær kirkjudeildir sem hafa haft mest áhrif að fá sérstaka umfjöllun, einkum lúthersk mótmælendakristni en einnig rómversk-kaþólsk kristni sem hafði lengst af mest áhrif á miðöldum en sækir nú aftur í sig veðrið með auknum fjölda innflytjenda frá rómversk-kaþólskum löndum. Einnig er mikilvægt að trúarlegar lífsskoðanir og röksemdir, þ.m.t. og ekki síst kristnar, fái rými í kennslu í siðfræði og lífsleikni enda tilheyra flestir nemendur í íslenskum skólum kristnum trúfélögum af ýmsum toga og geta þess vegna tengt við eigin reynsluheim í verkefnavinnu og umræðum. Svo slík kennsla verði sem best úr garði gerð þarf að styðja sérstaklega við umfjöllun um kristni í samhengi annarra samfélagsgreina. Það er gert með markvissri þjálfun kennaranema með samfélagsgreinar sem kjörsvið (og annarra eftir atvikum, t.d. verðandi íslenskukennara). Henni þarf svo að fylgja eftir með nýju námsefni, bæði um kristni í íslenskri sögu og samtíð en einnig önnur trúarbrögð og aðrar lífsskoðanir. Ljóst er að þörf hefði verið á slíkum stuðningi um leið og námsgreinin kristinfræði var lögð niður árið 2008 en eftir því sem best er vitað stendur fræðsla um kristni og önnur trúarbrögð höllum fæti í skólastarfi. Kallað er eftir stuðningi menntamálayfirvalda til að bæta þar úr skák.

Niðurstaða

Frumvarpið sem hér er fram komið endurspeglar óróa gagnvart þeim samfélagsbreytingum sem eiga sér stað á Íslandi nú um stundir og vikið hefur verið að hér að framan. Órói gagnvart jafn hröðum breytingum og íslenskt samfélag gengur nú í gegnum á hinu trúarlega sviði er skiljanlegur, einkum ef haft er í huga að þessar sömu breytingar eru afar lítið rannsakaðar. Þessar breytingar eru, eins og fram hefur komið, líka hluti af umfangsmeiri þróun sem á sér stað í löndunum í kringum okkur og einkennast



af flóknu samspili milli aukinnar menningar- og samfélagslegrar fjölbreytni og afhelgunar (e. secularization). Æskilegt viðbragð við þessum breytingum er ekki afturhvarf til hefðbundinnar kennslu í kristinfræði í opinberu skólastarfi. Eins og fram hefur komið felur slíkt álit ekki í sér að að kristni fái ekki sérstaka athygli í ljósi sögulegs samfélagslegs og menningarlegs gildis. Mikilvægt er, á tímum stórauðinnar fjölbreytni í landslagi lífsskoðana á Íslandi, að ýta undir rannsóknir á trúarbrögðum og lífsskoðunum á Íslandi, efla menntun faggreinakennara á þessu sviði og styðja við kennara í skólum landsins með þeim hætti sem lagt hefur verið til hér að framan.

Virðingarfyllt,

Haraldur Hreinsson, lektor við Menntavísindasvið, deild faggreinakennslu og Hugvísindasvið, guðfræði- og trúarbragðarfræðideild